

## Tækifæri í vannýttum tegundum

Fréttir af tilraunaveiðum á hörpuskel og túnfiski á þessu ári vekja spurningar um tækifæri sem kunna að vera í veiðum á öðrum vannýttum tegundum hér við land. Veiðar og möguleg fullvinnsla ýmissa nýrra tegunda getur skapað verðmæti í sjávarklasanum. Til að svo megi verða þarf að auka hvata til tilraunaveiða, vinnslu og markaðssetningu nýrra afurða. Þá þarf að koma á skipulagi þar sem frumkvöðlar sem leggja í áhættusamar tilraunaveiðar njóti afraksturs frumkvöðlastarfs með sanngjörnum hætti.

Íslensku lögsöggunni er nokkur fjöldi vannýtttra tegunda. Auk túnfisks má þar nefna sæbjúgu, kúfiskel, krækling, smokkfisk, gaddakrabba og gulldeplu. Stofnstærðir flestra þessara tegunda eru smærri en þeirra sem nú eru verðmætastar í íslenski útgerð og eðli máls samkvæmt ríkir enn nokkur óvissa um arðsemismöguleika í veiði flestra þeirra. Þá verður einnig að taka tillit til þess að sumar tegundir sem nú teljast lítið nýttar flakka talsvert inn og út úr lögsöggunni og stöðugleiki í veiði þeirra því lítill. Engu að síður eru hér nokkur tækifæri sem vert er að kanna betur.

### Gulldepla næsti makrill?

Í töflunni hér til hliðar er yfirlit yfir nokkrar vannýttar sjávardýrategundir í íslensku lögsöggunni, stöðu veiða á þeim, leyfilegan hámarksafli og/eða stofnstærð. Haf-rannsóknastofnun og Mátis hafa rannsakað útbreiðslu þessara tegunda töluvert og AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi hefur veitt styrki til tilraunaveiða og rannsókna á vannýttum tegundum. Ein áhugaverðasta tegundin í þessu samhengi er vafalítið gulldepla sem er smár miðsævisfiskur sem mikið sást af við suðurströnd landsins árin 2008 og 2009. Minna hefur sést af gulldeplu á allra síðustu árum en hugsanlegt er að stofninn komi inn í lögsöguna í nægjanlegu magni til að hagkvæmt reynist að veiða hann. Fjárfestingar í búnaði til veiða og vinnslu annars uppsjávarfisks gætu þá nýst útgerðinni að stórum hluta í þeirri framleiðslu. Ýmsar prófanir hafa verið gerðar til að aðlaga veiðarfæri til loðnuveiða að gulldepluveiðum og einstaka sjávarútvegsfyrirtæki hafa náð góðum árangri í tilraunaveiðum. 38 þúsund tonn veiddust af gulldeplu fiskveiðiárið 2008/2009 og fór sá afli allur til bræðslu. Telja má víst að verðmætari nýtingarmöguleikar séu fyrir hendi. Þannig hafa fyrstu rannsóknir Mátis á einangrun lífvirkra efna úr gulldeplu skilað áhugaverðum niðurstöðum, svo dæmi sé tekið.

### Van- og ónýttar tegundir í íslensku lögsöggunni

| Tegund        | Staða veiða  | Hámarksafli eða stofnstærð  |
|---------------|--|---|
| Beitu-kóngur  | Afli 89 tonn 2013.   | Ráðgjöf<br>Hafrannsóknastofnunar<br>750 tonn.                                     |
| Beitu-smokkur | Veiddur í gegnum árin og notaður í beitu. Tilraunaveiðar síðustu ár.                     | Lítið rannsakað. Landaður afli 1600 tonn árið 1984.                               |
| Gaddakrabbi   | Tilraunaveiðar 2010.   | Stofnvísitala í 260 tonnum.<br>en stofn talinn mun stærri.                        |
| Gulldepla     | Tilraunaveiðar síðan 2008. Hámarksafli 46.000 tonn. Engu landað 2013.                    | Ráðgjöf<br>Hafrannsóknastofnunar um hámarksafli 30 þúsund tonn.                   |
| Hrefna        | Veiðar 35 dýr 2013.  | Ráðgjöf<br>Hafrannsóknastofnunar um hámarksafli 350 dýr.                          |
| Ígulker       | Árlegur afli 125-145 tonn.   | Ekki vitneskja.   |
| Kræklingur    | Tilraunaveiðar.  | Stofnstærð metin 15.000 tonn í Hvalfirði.   |
| Kúfiskel      | Engar hefðbundnar veiðar síðan 2009.   | Leyfilegur hámarksafli á ári 32.500 tonn.   |
| Sæbjúga       | Tilraunaveiðar síðan 2003.   | Stofnstærð metin 26.000 tonn á þremur veiðislóðum. Hámarksafli 10% af stofnstærð. |
| Túnfiskur     | Tilraunaveiðar 2014. Japanir hafa veitt innan og rétt utan við ísl. lögsöguna um árabil. | Ekki vitneskja.   |
| Grjótkrabbi   | Veiddur í einhverju magni. Fannst fyrst 2006.  | Lítið þekkt.  |
| Trjónukrabbi  | Veiðitilraunir á 9. áratugnum.   | Stofnstærð áætluð um 80.000 tonn í Breiðafirði og Faxaflóa.                       |

## Skortir hvata til að hefja tilraunveiðar

Sjávarútvegsfyrirtæki hafa stundað tilraunaveiðar á tegundunum sem hér eru nefndar í mismiklum mæli og ef til vill hefur skort nokkuð á að nægilega sterkir hvatar séu til staðar til að hefja öflugt þróunarstarf í veiðum vannýtttra tegunda. Veiðar á vannýttum tegundum eru ekki frábrugðnar annarri þróunarstarfsemi og nýsköpun að því leyti að sá sem fyrstur veiðir tegundirnar og kemur þeim á markað á hagkvæman hátt, uppsker líklega ekki jafnvel og þeir sem koma að borðinu eftir að búið er að sannreyna hagkvæmni veiðanna. Þessu má líkja við lyfjapróun en þar hefur verið farið sù leið að veita einkaleyfi á nýjum lyfjum fyrstu árin eða áratugina eftir þróun þeirra. Þannig er tryggt að nægur hvati sé fyrir fyrirtæki að halda á ótroðnar slóðir og þróa ný lyf.

Helsti hvati sjávarútvegsfyrirtækja til veiða á ókvótubundnum tegundum hefur verið sá að veiðireynsla hefur veitt þeim veiðiheimildir eftir að takmörk eru sett á veiðarnar. Engin trygging er þó fyrir því að það sé gert og ekki heldur með hvaða hætti að því er staðið hverju sinni. Þetta fyrirkomulag hefur stundum stuðlað að tímabundnum ólympískum veiðum á tegundum sem búið er við að sett verði inn í aflamarkskerfið innan skamms. Til að hvetja til veiða á vannýttum tegundum væri skynsamlegt að koma á einhvers konar skipulagi í kringum þær sem felur í sér sanngjarna hvata til að hefja tilraunaveiðar og vinnslu. Þannig yrði tryggt að þeir frumkvöðlar sem leggja í áhættusamar tilraunaveiðar njóti afraksturs erfiðisins með sanngjörnum hætti í einhvern tíma áður en öðrum er hleypt að. Að mörgu er hyggja við uppbyggingu slíks regluverks en það þarf alls ekki að vera flókið eða þungt í vöfum. Aðalmálið er að tryggja þeim frumkvöðlum sem leggja út í áhættusamt þróunarstarf sérstakan nýtingarrétt í hæfilega langan tíma á afmörkuðum svæðum.

## Meira þróunarstarf

Samhliða leikreglum þar sem frumkvöðlum er veittur hæfilegur hvati til að standa í tilraunastarfsemi við nýtingu vannýtttra tegunda væri það íslenskum sjávarútvegi til heilla að það mikla rannsóknarstarf sem lagt hefur verið í undanfarin ár og áratugi verði nýtt í meira þróunarstarf, þ.e. tilraunaveiðar, tilraunavinnslu og markaðssetningu nýrra afurða sem úr þeim tilraunum kunna að skapast. Talsverður fjöldi rannsókna á stofnstærð, dreifingu og nýtingarmöguleikum hinna ýmsu tegunda liggur fyrir, nú þarf hins vegar að setja aukinn kraft í eiginlegt þróunarstarf. Ástæða er til að hrósa Hafrannsóknastofnun og Matis fyrir öflugt starf á rannsóknarsviðinu. Sé vilji til að hefja tilraunaveiðar á vannýttum tegundum við landið er mikilvægt að einkafyrirtæki verði hvött til að leggja meira fé í þróunarstarf. Í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga að kunnátta í veiði og vinnslu nýrra tegunda er ekki nóg heldur þarf að fylgja því öflugt sölustarf. Þannig dugar skammt að draga nýja tegund úr sjó og gera úr henni afurð sé því ekki fylgt eftir með öflugum markaðs- og sölustarfi. Þennan hluta þróunarstarfsins skyldi síst vanmeta.

Nánari upplýsingar veitir Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans í síma 577 6200.